

Fundur haldinn í rekstrarnefnd Félagsheimilisins á Klifi Ólafsvík mánudaginn 03.11. 2014, kl. 10.00 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Björn Arnaldsson formaður,
Jóhannes Ólafsson,
Lilja Ólafardóttir bæjarritari.
Jenny Guðmundsdóttir var fjarverandi.

Björn Arnaldsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.

1. Kosning formanns. Tillaga lögð fram um Björn Arnaldsson. Tillagan samþykkt samhljóða.
2. Kosning varaformanns. Tillaga lögð fram um Jóhannes Ólafsson. Tillagan samþykkt samhljóða.
3. Erindisbréf nefndarinnar. Samþykkt samhljóða að óska eftir því við bæjarstjórn, að nefndinni verði sett erindisbréf.
4. Gjaldskrá Klifs fyrir árið 2015. Farið yfir gjaldskrána, texti og fleira lagfært og tekur hún gildi 01.01. 2015. Samþykkt samhljóða. Fundi frestað kl. 11.00 og Lilja Ólafardóttir vék af fundi.
5. Fundi framhaldið í Félagsheimilinu á Klifi kl. 11.20 og til fundar mættu Lúðvík Smáráson forstöðumaður tæknideildar Snæfellsbæjar og Unnur Emanúelsdóttir húsvörður.
Farið var í skoðunarferð um allt húsið og skráð niður hvað þurfi að lægfæra og gera við. Lúðvík mun sjá um að gera það og senda til nefndarmanna. Í framhaldi af því verður gert kostnaðarmat og áætlun til 4 ára um úrbætur.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13.20

Björn Arnaldsson formaður,
Jóhannes Ólafsson,
Lilja Ólafardóttir bæjarritari.
Lúðvík Smáráson.